

## **Reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.**

### **1. gr.**

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi félaga-, æskulýðs- og mannúðarssamtaka sem ekki eru rekin í ágóðaskyni, sbr. heimild í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

### **2. gr.**

Þeir aðilar sem eiga álagningarskyldar fasteignir í Tálknafjarðarhrepp, þar sem fram fer starfssemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfssemi og mannúðarstörf, eiga þess kost að sækja um styrki til greiðslu fasteignaskatts af viðkomandi fasteign skv. þessum reglum.

### **3. gr.**

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema álögðum fasteignaskatti.

Nú eru fasteignir þær sem um ræðir í 1. og 2. gr. jafnframt notaðar til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og skal þá leggja á og innheimta fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot.

Sé húsnæðið leigt út ótímabundið eða hluti þess í fastri útleigu skal styrkveiting takmarkast hlutfallega sem því svarar.

Ef um fleiri en einn eiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði reglna þessara, er veittur styrkur til þeirra sem uppfylla skilyrði reglnanna, í samræmi við eignarhluta þeirra.

### **4. gr.**

Sækja skal um styrki til hreppsnefndar skv. ofansögðu á þar til gerðum eyðublöðum sem liggja fram á sveitarskrifstofu ásamt þeim fylgigögnum sem þar kann að verða beðið um hverju sinni. Hreppsnefnd getur og óskað frekari gagna en þar er beðið um, telji ráðið að slíkt kunni að vera nauðsynlegt við mat á umsóknum.

### **5. gr.**

Umsóknarfrestur um styrki til greiðslu fasteignaskatts er tveir mánuðir frá því að tilkynning um álagningu fasteignaskatts berst.

### **6. gr.**

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps móttækur og afgreiðir umsóknir skv. reglum þessum. Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, ef hann er veittur.

### **7. gr.**

Sætti aðili sig ekki við afgreiðslu hreppsnefndar á umsókn getur hann óskað eftir endurupptöku máls skv. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Reglur þessar, sem samþykktar eru í hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, eru settar með heimild í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum og með vísan til 7. gr. í reglugerð um fasteignaskatt nr. 1160/2005.

### **Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, 5 gr. 2 mgr.**

Sveitarstjórn er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfssemi og mannúðarstörf.

**Indriði Indriðason**  
sveitarstjóri

**Samþykkt í 9. október 2013.**